

Skólaráð Barnaskólans í Hafnarfirði

Fundur haldinn 08.06.2015

Dagskrá fundar var eftirfarandi:

1. Skóladagatal 2015-2016.
 - Skólasetning 21. Ágúst og skólaslitin eru 7. Júní.
 - Kennsludagar eru 180 eins og lög gera ráð fyrir.
 - Starfsdagar og vetrarfrí samræmist að miklu leiti öðrum leik og grunnskólum í Hfj, einn dagur er þar undanskilinn og er það 11. sept en þá eru allir Hjallastefnuskólar landsins með starfsdag. Aðrir skólar í Hfj taka þann starfsdag 28. sept.
2. Miðstigsmál

Við upphaf skólárs má greina mikinn áhuga foreldra fyrir áframhaldandi miðstigi við Barnaskólann í Hafnarfirði. Hópur foreldra við skólann og framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar ræða framtíð miðstigs við skólann.

Stuttlega farið yfir aðdragandann:

- 28. nóv, 2014 sendir framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar tölvupóst og greinir frá miklum áhuga foreldra að byggja upp miðstig í skólanum. Hún greinir einnig frá því að fyrir þetta skólaár hafi Hafnarfjarðarbær veitt Hjallastefnunni heimild til eins árs fyrir fimmta bekk sem sé starfræktur innan húsnæðis Barnaskólans. Að áhugi sé fyrir því að halda áfram uppbyggingu miðstigs og í drögum að fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2015 sé gert ráð fyrir nemendum í fimmta og sjötta bekk á miðstigi í Barnaskólanum í Hafnarfirði. Jafnframt greinir hún frá því að húsnæðismál séu óleist því ljóst sé að fimmti og sjötti bekkur rúmist ekki í núverandi húsnæði Barnaskólans.
- Upplýsingarpóstur til foreldra 16. mars frá Hjallastefnunni þar sem kom fram að Hafnarfjarðarbær óskaði eftir fresti á fyrirhuguðum fundi með foreldrum-
- 25.mars sendir foreldrafélagið upplýsingarpóst þar sem útskýrt var að Hjallastefnan var enn í viðræðum við fræðsluráð Hafnarfjarðar í þeim tilgangi að tryggja miðstig í Barnaskólanum.
- 31. mars voru foreldrar 5. og 6. bekkjar boðuð á fund þar sem framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar fór yfir stöðu mála. Umsókn til fræðsluráðs varðandi leyfi fyrir 6. og 7. bekk var komin í hendurnar á fræðsluráði.
- 28. apríl fundaði Sara Dögg með fulltrúum sveitafélagsins, foreldrar upplýstir.

- 21.maí fengu foreldrar barna í 5. og 6. bekk Barnaskólans þær fréttir að samkomulag hafi náðst á milli hlutaðeigandi aðila vegna nýtingu Hjallastefnunnar á húsnæði í Engidalsskóla fyrir miðstig næsta haust.
- 27. maí var fundur með foreldrum barna í 5. og 6. bekk Barnaskólans, þar var greint frá helstu atriðum er lágu fyrir.

Hér greinir frá helstu atriðum í samantekt:

- Hjallastefnan hefur fengið úthlutað rými á neðstu hæð Engidalsskóla þar sem fyrir er ónýtt rými ásamt starfsemi íþrótt- og tómstundasviðs.
- Íris Helga Baldursdóttir mun leiða miðstigið. Íris Helga er skólastýra yngra húss Barnaskólans í Reykjavík og hefur verið stjórnandi þar síðustu ár.
- Margrét kennari 10 ára stúlkna mun fylgja hópnum áfram.
- Verið er að vinna að því að ráða drengjakennara sem skýrist nú fyrir helgi
- Starf Hjallastefnunnar mun ekki rekast á við starf Engidalsskóla með neinum hætti.
- Það ríkir mikil samstaða á milli þeirra aðila sem koma að nýtingu húsnæðisins um að leysa málin á farsælan hátt og erum því mjög bjartsýn á farsælt samstarf.
- Áfram verða innheimt skólagjöld eins og verið hefur í Barnaskólanum. Hjallastefnan um leigja rýmið af Hafnarfjarðabæ.
- Ekki er komin lausn til framtíðar enn sem komið er. En ljóst að vilji bæjaryfirvalda til að finna launs til framtíðar er mikill.
- Ljóst er að miðstigið mun ganga inn í skólamat og deila matsal með mögulega skólahópi leikskólans. Útfærsluatriði sem á eftir að vinna.
- Þetta er það helsta sem við höfum í hendi að svo stöddu. Nú fer undirbúningur á fullt og við óskum eftir skjóttum viðbrögðum varðandi staðfestingu á skólavistinni. Því fjölda barna hefur mikil áhrif á ráðningar á starfsfólki og heildarskipulagi. Því óskum við eftir staðfestingu.

Fundinn sátu:

Hildur Sæbjörg Jónsdóttir, skólastýra

Valgerður Árnadóttir, fyrir hönd foreldra

Alfa Arnbjörnsdóttir, fyrir hönd kennara (f.h. Mörtu Maríu)

Margrét Egilsdóttir, fyrir hönd kennara (f.h. Guðbjargar Árnadóttur)

Þorsteinn Emilsson, fulltrúi strafsmanna

Árný Steindórsdóttir, fulltrúi grendrarsamfélags

